

Pési



Lesið þetta

- Maður er manns gaman
- Kaleikurinn
- Auglýsingar
- Aðalfundur

Næsti Pési kemur út
11. apríl Skil á efni er
9. apríl

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Fólksfjölgun	4
Ársreikningur	9
Plastsöfnun	11
Sjálfsbjálpar hópar	20
Smárafréttir	22
Hrunaspjall	24

Mars 2008

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 214. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Glæsisnekkja og útgerðamaður á Flúðum

Bjarna Harðarsyni á Flúðum er margt til lista lagt. Nú getur hann ef hann kærir sig um titlað sig sem skipasmið í símaskránni. Það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni að við húsið hans við Högnastíg er glæsilegt skip sem hann hefur smíðað sjálfur frá grunni. Ekki er vitað hvort Bjarni er búinn að festa kaup á kvóta. Allavega hefur þorskkvótinn verið minnkaður um þriðjung frá því að hann hóf smíðarnar og einnig virðist loðnan hafa frétt af þessum skipasmíðum því hún faldi sig á dögnum. Víst er að þessi völundur hefur smíðað glæsilega skútu. Við óskum honum til hamingju og vonum að skútan verði happafley. Það verður spennandi að fylgjast með þegar fleyið verður sjósett.



Helga í Bryðjuholti með nokkur listverka sinna á baksýn

Ljósm. SigSigm



Gamli góði síminn enn í notkun hjá Dagnýju á Grund

Ljósm.SigSigm

Maður er manns gaman!

Ísland er einstakt land með öllum þeim kostum og göllum sem því fylgir að búa hér. Víst er að kostirnir eru miklu fleiri en gallarnir. Það lyftist á okkur brúnin þegar birta tekur á ný, því skammdegið dregur oft úr okkur kraft og kjark. Stundum er sagt að Ísland hafi mörg mismunandi andlit, mismunandi landslag og náttúrurauðlindir, mismunandi veðurfar og mismunandi menningu eftir svæðum og mismunandi sérstöðu. Það er eins með veðurfarið og efnahagsmálin að þau eru síbreytileg og erfitt að fylgjast með sveiflum á hagvexti, gengi krónunnar og vöxtum. Þetta raskar rekstri heimila- sveitarfélaga og fyrirtækja og erfitt getur verið að leggja framtíðarplön. Nú virðumst við vera að lenda í hagvaxtarlægð og hugsanlegri efnahagskreppu. Höfuðborgarsvæðið hefur mikla sérstöðu meðal sveitarfélaga hvað stærð og umfang snertir. Sveitarfélögin í landinu hafa því mismunandi möguleika á að afla tekna þó lög kveði skýrt á um hver þjónusta þeirra eigi að vera, en ekki er tekið tillit til m.m. möguleika á tekjuöflun. Það er munur að geta selt lóðir fyrir milljarða króna og gefur það sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu ákveðið forskot. Þó að höfuðborgarsvæðið bjóði uppá ýmsa spennandi kosti er á margan hátt miklu meira gefandi og þroskandi að búa í dreifbýlinu út á landi. Þetta segi ég vegna þess að ég þekki hvorutveggja. Úti á landsbyggðinni erum við meiri þátttakendur í samfélaginu. Þetta sjáum við vel á samkomu eins og haldin var hér um síðustu helgi. Þar sem heimamenn undirbúa samkomu sem allir geta verið stoltir af. Heimafengin skemmtiatriði, einstaklega góður matur frá Hótel Flúðum og allir fara í sitt fínasta púss. Þetta gerist ekki betra. Undirbúningsnefndin leggur á sig mikið og óeigingjarnt starf. Þátttakan leiðir einnig til þess að fólk gerir sér grein fyrir að samkomur sem þessar gerast ekki að sjálfu sér, þar liggur mikil vinna, mikil hugkvæmni að baki og við sjáum menn í nýju ljósi þar sem leik- og sönghæfileikar fá notið sín. Hið sama sjáum við á þátttöku í ýmsum félögum, kórum o.fl. Meiri gaumur er gefinn að hverjum einstaklingi út á landsbyggðinni en í höfuðborginni. Í einstaka tilfellum þykir sumum jafnvel nóg um. Víst er að við getum verið stolt af landi og þjóð og að áttahundrað manna samfélag eins og okkar skuli hafa uppá jafn margt að bjóða og raun ber vitni. Ekkert gerist að sjálfu sér!

Ísólfur Gylfi Pálmason,
sveitarstjóri.

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

38.5% fólksfjölgun á Flúðum

Í síðasta Pésa sögðum við frá fólksfjölgun í Hrunamannahreppi á síðustu tíu árum. Fólksfjölgunin hefur ekki síst orðið hér í þéttbýlinu á Flúðum. Hlutfallsleg fjölgun í þéttbýlinu hefur verið 38.5% . Íbúar á Flúðum voru árið 1998 - 262, 1999 - 272, 2000 -275, 2001 - 287, 2002 - 298, 2003 - 295, 2004 - 317, 2005 – 338, 2006 – 350 og 2007 - 363 en það ár voru íbúar í hreppnum 794. Þetta er ótrúlega ör þróun og þegar lóðaframboð eykst hér á nýjan leik með nýjum hverfum, eins og nú verður, er líklegt að enn örrari íbúapróun verði á næstu áratugum. Eins er ekki ólíklegt að sett verði lög um tvöfalda búsetu þar sem fjölskyldur geti skráð lögheimili sitt á tveimur stöðum.

Útboð Vegagerðarinnar á Auðsholtsvegi

Þó okkur finnst allt seint ganga varðandi varanlega vegagerð hér um slóðir þróast þó mál til betri vegar í orðsins fyllstu merkingu. Á dögnum bauð Vegagerðin út vegagerð við Auðsholtsveg hjá Syðra- Langholti. Verktakafyrirtækið Nesey ehf. átti lægst tilboð í verkið 41.123.700 kostnaðaráætlun var 41.100.000 þannig að ekki var hægt að vera nær kostnaðaráætluninni.

Gómsætt gæðafæði á Hótel Flúðum

Mikið var um að vera á dögnum þegar hátíðin “Food and fun” var haldinn. Hátíðarhöldin byggjast á matreiðslukeppnum og að erlendir kokkar koma á veitingastaði og eru sérstakir gestakokkar. Sumir tala um matarsnobb í þessu sambandi en hér er í rauninni um einstaka landkynningu að ræða. Við getum verið stolt af því að einn þeirra sem valinn var einn af þremur bestu kokkum síðustu aldar heimsótti Hótel Flúðir sá heitir, Eckard Witzigmann og er þýskur og skoðaði ylraektina hjá Georg á Jörfa og einnig Flúðasveppi. Hann endaði heimsókn sína með því að fá að borða á Hótel Flúðum. Eckard hneigði sig fyrir okkar kokki, Birni Inga en það gerum við líka sem borðuðum hjá honum á hjónaballinu. Með í för voru blaðamenn frá amerískum fagtímaritum sem komu að skoða grænmetið og nutu veitinganna á Hótel Flúðum.

Bankinn lokar í haust

Rétt áður en Pésinn fór í prentun varð ljóst að Kaupþing banki mun loka útibúinu á Flúðum í haust. Nánar verður fjallað um málið í næsta Pésa

Enn um kaleikinn

Þorsteinn Jónsson á Hvolsvelli sendi ritstjóra Pésans lítið bréf vegna umræðu um kaleikinn góða sem talið er að sé hugsanlega í hvelfingu í Skipholtskróki. En Þorsteinn er sonur Jóna í Lambey sem margir kannast við og konu hans Ragnildar Sveinbjarnardóttur en faðir hennar var eitt sinn alþingismaður og prófastur á Breiðabólstað. Þorsteinn segir: „Í elstu máldögum Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð frá 1332, eða skömmu eftir heimsókn musterisriddaranna, er getið um nýja gripi er hafa verið lagðir til kirkjunnar og meðal þeirra er kaleikur er á stendur 12 aurar og hafa verið leiddar líkur til að þetta sé umræddur kaleikur. Ein sögn er líka til um það að Brynjólfur biskup í Skálholti hafi lagt þennan grip til Breiðabólstaðarkirkju og styrkir það e.t.v. grun um að kaleikurinn sé komin af svæðinu í kringum þig. Margar sagnir eru tengdar þessum kaleik eins og áður segir og tengjast allar álfum (hinu forboðnu börnum Evu) og lækningamætti. Í gegnum aldirnar og allt fram á okkar daga hefur fólk allstaðar af landinu og jafnvel útlendingar sótt Breiðabólstaðarkirkju heim til að bergja af bikar þessum til heilsubótar og hafa margir talið sig hafa bata af. Í skál þessa kaleiks er dökkur blettur, sem fer ekki, sama hvað hann er þússaður. Má ætla að þarna sé komið blóð Krists. Bletturinn er ekki alveg á botni kaleiksins og bendir það til þess að honum hafi verið hallað lítillaga er það draup þar í.“

Ekki er ósennilegt að þær Sigríður Guðmundsdóttir í Laxárhlíð en hún er frá Núpi í Fljótshlíð og Ingilaug Guðmundsdóttir í Núpstúni en hún er frá Fögruhlíð í Fljótshlíð hafi bergt á kaleik þessum þegar þær fermdust í Breiðabólstaðarkirkju fyrir fáeinum áratugum og efalaust hefur Sveinbjörn Högnason prófastur og afi bréfitara fermt þær stöllur.

Pésinn er “víðlesinn”

Fulltrúar Þjóðminjasafnsins og Þórarinn Þórarinsson arkitekt og sérstakur áhugamaður um kaleikinn góða hafa haft samband við Gunnlaug Magnússon í Miðfelli sem fann hið forna vopn sem fjallað var um í síðasta Pésa. Fréttablaðið birti sérstaka frétt um vopnið og nú hafa fulltrúar Þjóðminjasafnsins áhuga á að skoða vopnið. Svo óhætt er að segja að enn færist spenna í kaleiksmálið.

Tími til að klippa tré

Mjög nauðsynlegt er að íbúar Hrunumannahrepps nýti þennan árstíma til þess að klippa trjágróður þannig að þeir sem eru að þjónusta okkur varðandi sorphreinsun, snjómokstur o.fl. þess háttar komist greiðlega um stíga og vegi. Í byggingarreglugerð eru ákvæði um að:

„Veghaldara eða umráðamanni opinna svæða er heimilt að fjarlægja þá hluta gróðurs sem valda truflun eða eru til óþrýði. Þetta skal gert á kostnað lóðarhafa“. Vonandi kemur ekki til þess hjá okkur þess vegna hvetjum við til þess að þessi árstími verði notaður til þess að klippa og snyrta trjágróðurinn.

Fjörugt ástarlíf í Ásgerði

Í sveitinni er oft talað um fengitímann í sauðfjarræktinni. Ræktunarstarf í sauðfjarrækt er orðið mikið og menn vanda sig við að velja hrúta og gimbrar og oft fer fram skemmtileg umræða um hvaða kostum viðkomandi hrútar skulu búnir og hvernig þeir kostir skili sér. En þetta á reyndar við í fleiri atvinnugreinum. Sigurður í Ásgerði og hans fólk stendur í ströngu við að velja högna fyrir minkalæðurnar því nú fer fram svokölluð pörun á minkabúunum. Sú atvinnugrein hefur verið að ná sér á strík á nýjan leik og er skemmtilegt að fylgjast með hinu myndarlega búi í Ásgerði þar sem ástarlífið hjá minkunum er með allra fjörugasta móti þessa dagana.

Fyrirmyndar hjónaball

Hátíð hátíðanna í Hrunamannahreppi fór fram um síðustu helgi. Það er með ólíkindum hve mikið er lagt í þessa skemmtun og magnað að í 800 manna samfélagi skuli vera hægt að efna til 330 manna samkomu í félagsheimilinu okkar með heimaþingnum skemmtiatriðum og „gala dinner“ eins og slíkar samkomur eru stundum kallaðar þegar menn sletta. Það var sama hvort talað var um matinn eða skemmtiatriðin allt var þetta til mikillar fyrirmyndar. Sveitarstjórinn var sérstaklega ánægður með það hvernig Skúli Guðmundsson náði að leika hann. Ljóst er að Skúli getur hæglega leyst sveitarstjórnann af í sumarleyfum án þess að menn átti sig á.

Fundur með iðnaðarráðherra

Veitustjóri, sveitarstjóri og formaður veitustjórnar trommuðu í vikunni á fund hæstvirts iðnaðarráðherra Össurar Skarphéðinssonar vegna rannsóknaleyfa og fyrirhugaðra borana eftir heitu vatni í hreppnum. Ráðherra tók vel á móti þeim kumpánum og er eins og þeir spenntur fyrir að sjá hvað út úr þessu kemur. Hver veit nema að í framtíðinni getum við farið að framleiða raforku hér og gert samfélagið enn sjálfbærara en það er í dag.

Fjarálestrarbúnaður í skoðun

Þeir félagar veitustjóri og sveitarstjóri brugðu undir sig betri fætinum í síðasta mánuði og héldu til Danmerkur til þess að kynna sér nýja tækni sem tengist fjarálestrarbúnaði til þess að mæla vatnsnotkun o.þ.h. Veitustjórn lagði fram tillögu þessa efnis á fundi á árinu sem staðfest var í sveitarstjórn. Hér er um merkilega tækni að ræða þar sem sérstakur búnaður er notaður sem nemur vatnsnotkun þannig að ekki er þörf fyrir að skoða hvern mæli með berum augum. Þetta kemur sér allstaðar vel ekki hvað síst í frístundabyggðum. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort þessi búnaður verður tekinn í notkun hér en hér er um góða lausn til framtíðar að ræða.

Staðardagskrá 21.

Um skeið hafa þær Eva Marín á Hrafnkelsstöðum og Þórunn í Bryðjuholti ásamt sveitarstjóra unnið að drögum um Staðardagskrá 21. Þessi drög hafa verið send fastanefndum sveitarinnar til yfirlestrar. Við hvetjum til þess að gerðar verði allar þær breytingatillögur sem nefndarmönnum dettur í hug annaðhvort til þess að stytta texta eða lengja. Hér er ekki um eitthvað óbreytanlegt plagg að ræða heldur tillögur til skoðunar.

Leikskólastarfsmenn á tölvunámskeiði

Margt öflugt starfsfólk er hjá Hrunamannahreppi. Í nútímanum er enginn fullnuma. Þannig flyktust starfsmenn hreppsins á tölvunámskeið á vegum Fræðslunets Suðurlands sem haldið var hér á Flúðum. Kennari á námskeiðinu var Elín Jóna Traustadóttir. Góður rómur var gerður af námskeiðinu og eru leikskólastarfmennirnir og aðrir starfsmenn sem námskeiðið sóttu með sérstakan spekingssvip á eftir.

Landgræðslufélag

Á dögunum var Landgræðslufélag stofnað hér í hreppnum. Stofnfélagar eru liðlega tuttugu og til 1. apríl er hægt að gerast stofnfélagi með því að láta skrá sig á hreppsskrifstofunni. Félaginu er ætlað að reyna að sameina alla sem áhuga hafa á uppgræðslumálum í hreppnum. Landgræðslufélagið mun vinna að landgræðsluáætlun sem til er og var unnin af miklum metnaði fyrir nokkrum árum undir forystu Sigurðar H. Magnússonar náttúrufræðings, sem enn er boðinn og búinn til þess að aðstoða okkur í þessum efnum. Félagið hefur sótt um styrk til starfsins m.a. frá Pokasjóði. Það er von stofnfélaga að sem allra flestir taki þátt í þessu aðkallandi og skemmtilega starfi.

Hunda- og kattahald

Á síðasta hreppsnefndarfundi voru samþykktar samþykktir fyrir hundahald í Hrunamannahreppi. Einnig voru samþykktar samþykktir fyrir kattahald á Flúðum. Mikið hefur verið kvartað yfir lausum hundum á Flúðum að undanfögnu og er nánast alltaf um sömu dýrin að ræða. Með þessum reglugerðum ætlum við að reyna að koma skikki á þessa hluti, þetta er þó að mestu undir eigendunum sjálfum að komið. Þó að þeir hafi gaman af þessum gæludýrum sjálfir er ekki tryggt að nágrannar hafi sama yndi af þeim. Eigendur þessara gæludýra verða að skilja að fólk er ákaflega þreytt á hunda og kattaskít í görðum sínum. Það er mikið tillitsleysi við íbúanna að láta þessi dýr ganga laus.

Almannavarnarnefnd

Fyrsti fundur varðandi sameiginlega Almannavarnarnefnd í Árnessýslu var haldinn fyrir skömmu. Mynduð hefur verið undirbúningsnefnd sem bæjars-tjórnarnir Ragnheiður Hergeirsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir ásamt Jóni Valgeirssyni sveitarstjóra eiga sæti í. Jón er í rauninni fulltrúi Uppsveitanna í nefndinni en hann er stundum nefndur borgarstjóri þar sem aðsetur skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepp er á Borg. En Jón er eins og margir vita frá Þverspyrnu í Hrunamannahreppi.

Fundur um tilfærslu Litlu-Laxár

Í vikunni var haldinn fundur með starfsmönnum Vegagerðarinnar, Landgræðslunnar og Veiðimálastofnunnar um fyrirhugaða tilfærslu á Litlu-Laxár skammt frá Límtrésverksmiðunni. Breytingarnar hafa verið samþykktar í skipulagsferli. Verkfræðingar munu halda áfram að útfæra þessar breytingar sem verður að vera lokið fyrir 10. júní n.k. af líffræðilegum ástæðum. Vonandi gerist það fyrir.

Landsamband félags eldri borgara

Helgi Hjálmsón formaður félags eldri borgara á Íslandi og Borgþór Kjærne-
sted, hagfræðingur og starfsmaður samtakanna héldu fund með eldri
borgurum í Heimalandi í síðustu viku. Þar var farið yfir ýmsa þætti sem
tengjast starfi og réttindum eldri borgara í landinu. Starf eldri borgara hér er
kröftugt og ánægjulegt hve margir þátttakendur eru í því. T.d. var haldin
glæsileg veisla á Hótel Flúðum. Oft hefur Félag eldri Hrunamanna haldið
þorablót en að þessu sinni var veislan í tilefni góunnar. Jóhannes Sigmunds-
son stjórnaði veislunni af snilld þar sem m.a. kom fram kór eldri borgara
undir stjórn Stefáns Þorleifssonar sem ættaður er héðan úr hreppnum. Af
eðlilegum ástæðum var óneitanlega léttara yfir veislunni en fundinum eins
vera ber.

Flugvöllurinn á Flúðum

Nefnd sem skipuð var af hreppsnefnd til þess að skoða framtíð flugvallarins á
Flúðum hefur skilað til hreppsnefndar niðurstöðum sínum. Í nefndinni voru
auk sveitarstjóra Georg Már Ottósson og Jónas Egilsson. Nefndin hélt fundi
m.a. með skipulagsarkitektum, forsvarsmönnum Flugstoða o.hf. sem áður hét
Flugmálastjórn. Nefndarmenn skiluðu sameiginlegri niðurstöðu sem voru í
stórum þáttum þær að eðlilegt væri að völlurinn væri áfram þar sem hann er í
dag, næstu 20 til 30 árin. Auk þess leggur nefndin til að sérstakar reglur verði
settar varðandi notkun flugvallarins.

Mikið um dýrðir

Um helgina verðum mikið um dýrðir hér í hreppnum. Tveir höfðingjar eiga
afmæli. Annar þeirra er Gunnlaugur Magnússon bóndi í Miðfelli sem fagnar
50 ára afmæli sínu en hinn er fréttaritarinn okkar, hann Sigurður Sigmunds-
son sem fagnar 70 ára afmæli sínu. Þeir halda uppá afmælin með pompi og
prakt og er þeim óskað til hamingju með þessa áfanga.

Ársreikningar nánast í höfn

Ársreikningar Hitaveitu Flúða og Hrunamannahrepps eru nánast í höfn. Ekki
er ljóst á þessari stundu hvort hægt verður að leggja þá fram fyrir páska þó er
stefnt að því. Á sama hátt er ekki ljóst hverjar niðurstöðutölur reikninganna
verða, en Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi hjá KPMG er að leggja loka-
hönd á reikningana. Fjallað er um ársreikning Hrunamannahrepps í tveimur
umræðum eins og lög gera ráð fyrir.

Hundraðasti fundur félagsmálanefndar

Síðast liðinn mánudag var haldinn hundraðasti fundur Félagsmálanefndar uppsveita Árnessýslu og Flóa. Félagsmálanefndin er ein af samvinnunefndum sveitarfélaganna hér á svæðinu. Nanna Mjöll Atladóttir er félagsmálastjóri og fyrir skömmu var ráðinn nýr starfsmaður í fullt starf en það er félagsráðgjafinn Dögg Káradóttir en bróðir hennar Áskell Örn Kárason var fyrsti félagsmálastjórinn hér. Samvinna sveitarfélaga í uppsveitum og Flóa skiptir miklu máli fyrir svæðið okkar og hefur orðið öðrum sveitarfélögum til fyrirmyndar. Fyrsta mars tók Helgi Kjartansson frá Hvammi við starfi byggingarfulltrúa af Hilmar Einarssyni. Nýjum starfmönnum er óskað vel farnaðar í starfi og Hilmar Einarssyni er þakkað gott starf en hann mun starfa við embættið enn um sinn.

Aðalfundur FÁS – kynning á lögum!

Aðalfundur Foreldrasamtaka á Suðurlandi, FÁS, verður haldinn

7. apríl n.k. í Flóaskóla kl. 20:00!

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. **LAGABREYTINGAR** (lög FÁS)
3. Kosning fulltrúa í fulltrúaráð Heimilis- og skóla
4. Önnur mál

Undir liðnum önnur mál mun Guðni Olgeirsson hjá Menntamálaráðuneytinu kynna breytingar á grunnskólalögum sem öðlast gildi þann 1. júlí n.k. einnig mun hann svara fyrirspurnum. Þær breytingar sem fyrirhugaðar eru hafa í för með sér atriði sem foreldrar og fulltrúar þeirra gagnvart skólanum og stjórnvöldum þurfa að kynna sér vel og er því skyldumæting fyrir foreldra og forráðamenn barna, Foreldraráðsfélkið og stjórnir Foreldrafélaga en að sjálfsögðu eru aðrir, áhugasamir, velkomnir, t.d. afar og ömmur!

Við munum taka vel á móti ykkur og bjóðum upp á kaffi, gos og hnallþóru!

Á vefslóðinni <http://www.nymenntastefna.is> er hægt að kynna sér breytingarnar og hvetjum við alla til þess.

Eigum saman góða og fræðandi stund á vori eftir frekar þungan vetur, skoðum það sem í vændum er og gætum hagsmuna barna okkar eins og lögin kveða á um. (18. gr.)

Gleðilega páska.

Stjórn FÁS.

Orðsending vegna plastsöfnunar!

Tómas Þórir Jónsson verktaki fundaði með forsvarsmönnum Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna plastsöfnunar.

Við hvetjum bændur til þess að halda vel utan um plastið og gæta þess að sem allra minnstur jarðvegur eða önnur óskyld efni fylgi plastinu – því plastið er endurvinnanlegt hráefni sem sent er til Hollands og þaðan til Kína.

Við hvetjum einnig til þess að plastið verði sem aðgengilegast fyrir verktakann – Verktakinn hvetur til þess að plastið sé annaðhvort baggað eða sett í stórsekki. Þetta er gott að hafa í huga í vor.

Tómas Þórir stefnir að því að safna öllu plasti saman sem allra fyrst og kemur síðan næstu ferð í maí.

Tómas Þórir mun síðan koma annan hvern mánuð að sækja plastið

Ef einhverjar spurningar vakna – hvetjum við ykkur til þess að hafa beint samband við verktakann, Tómas Þóri Jónsson s. 899-3092


Fleiri börn óskast!!!!

Nú er svo komið að lítið er af barnsfæðingum í Hrunamannahreppi og sjáum við fram á fækkun barna í leik- og grunnskólanum. Til dæmis eru einungis 4 börn sem byrja í 1. bekk haustið 2008.

Viljum við taka undir þær hvatningar sem við fengum frá leikskólakonunum á hjónaballinu og hvetja fólk á öllum aldri til að leggjast á eitt og fjölga barneignum í sveitinni. Minnum á að um ókeypis líkamsrækt er að ræða.

Með von um góða skemmtun

Fræðslunefnd Hrunamannahrepps.





Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið í mars og apríl sem hér segir:

Mars

Laugardagurinn 15. mars, kl. 12.00 til 19.00

(Salurinn lokaður, en afgreitt út úr húsinu)

Sunnudaginn 16. mars – kl. 13.00 til 20.30

Páskar, þ.e. Skírdagur 20. mars til og með 24. mars

(Annar í páskum) frá kl. 12.00 til 21.00

Föstudaginn 28. mars, frá kl. 17.00 til 21.00

Laugardagurinn 29. mars frá kl. 12.00 til 19.00

(Lokar kl. 19.00 vegna einkasamkvæmis)

Sunnudagur 30. mars, frá kl. 12.00 til 21.00

Apríl

Föstudaga, frá kl. 18.00 til 21.00

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 12.00 til 20.30

Sunnudaginn 27. apríl er salurinn lokaður, en afgreitt út úr húsinu.

Hægt er að leika á golfvöllinum á vetrarflötum, ef veður leyfir. Vinsamlegast gefið ykkur fram í golfskála.

Verið hjartanlega velkomin

Kaffi-Sel - Sími 486-6454

Heimasíða: www.kaffisel.is Netfang: info@kaffisel.is

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá

Pálmar í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamanna-
hreppur

Með von um gott samstarf Starfsfólk Flúðaleiðar

Aðalfundur og árshátíð ÁSÆLS

Aðalfundur og árshátíð ÁSÆLS verður laugardaginn 29.

mars nk.í Gólfskálanum Efra Seli. Aðalfundurinn hefst

kl.20:30 stundvíslega.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Strax að loknum aðalfundi hefst árshátíðin með veislumat
að hætti húsráðenda á Efra Seli. Skemmtiatriði glens, grín
og gaman fram eftir nóttu.Miðaverð 3000 kr. Pantanir berist
fyrir mánudagskvöldið 24/3 í síma: Þórarinn 893 5456,

Úlfar 893-6517, Þorkell 893-4372

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungválfur, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla válfur.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



Uppsveitakortið 2008

Árvið vinna við að uppfæra og leiðrétta Uppsveitakortið er hafin. Ef einhver vill koma á framfæri athugasemdum eða leiðréttingum. Vinsamlegast hafið samband við ferðamálafulltrúa.

asborg@ismennt.is 486 8810



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Taktu þér tak með Herbalife.
Hringdu og fáðu frían prufupakka
Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife.
silja1@simnet.is / 892 6728

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*



KAUPPING

Hraðbankinn

er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á

Flúðum:

mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00

Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 15:30-21:00

Föstudaga: 13:00-20:00

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga: 13:00-18:00

Um páskana er opið:

Skírdagur 20.mars 13:00-18:00

Föstudagurinn langi 21.mars LOKAÐ

Laugardagur 22.mars 13:00-18:00

Páskadagur 23. mars LOKAÐ

Annar í páskum 24. mars 13:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

VÖNDULL ehf

FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í UPPSVEITUM

ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Aðalflutningar ehf., Skútu-
vogi 8. sími: 581-3030. Mánudaga til föstudaga kl.

13:00, . Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl.

14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Frá Félagi eldri Hrunamanna
Aðalfundur félagsins verður haldinn í Heimalandi
laugardaginn 29. mars kl. 13:30. Nýir félagar velkomnir.
Mætum vel og ræðum starfið framundan.
Stjórnin

HVOLPAR FÁST GEFINS.

Af sama heimili, mjög ljúfir og öllu vanir.
Tilbúnir til afhendingar í byrjun apríl.
Upplýsingar fást í síma 865 9500(Hróðný)
eða á netfangið dalbaer1@mi.is

Til sölu þrír góðir.

Toyota corolla touring 4x4 árg.1998 ek.197.000
(ný vél)

Toyota corolla touring 4x4 árg 2000 ek.128.000

Toyota corolla sedan árg 1998 ek.130.000

Upplýsingar hjá Guðjóni á Melum sími:894 0448



Smárafréttir

Minum á punktamótið á Flúðum laugardaginn

15. mars kl. 14:00

__Minnum einnig á heimasíðuna www.smari.is



Myndir

Við í körfuboltadeildinni erum að safna saman myndum sem tengjast körfuboltadeild Hrunamanna á einhvern hátt. Myndirnar geta verið af æfingum, mótum, þjálfurum, stjórnarmeðlimum eða öðru sem tengst gæti deildinni. Þeir sem luma á myndum í fórum sínum endilega hafið samband við Kristínu Erlu í síma 486-6152 / 865-6709 eða í tölvupósti kot3@visir.is

Kveðja stjórnin

Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Verðskrá 30 mín. = 100,- kr.

Lánstími bóka eru 30 dagar.

Netfang: bokasafn@fludir.is

Sími: 486 6708

Velkomin á bókasafnið J



Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Fermingargjafir sem vit er í

Hjá okkur færðu:

Biblíu

Hestabækur,

Passíusálma

myndabækur

og Sálmaþækur

- margar bækur

Orðabækur,

ljóðabækur

og Laxness.

Áletrum á sálmaþækur og Biblíur

Komdu við • Kaffi og notaleg stemning

Sendum líka í póströfu

Svundenska BÓKAKAFFIÐ

Austurvegi 22 • Sími: 482-3074

Opló alla virka daga frá kl. 10 til kl. 18. Frá kl. 11 til kl. 16 á laugardögum.

Punglyndi

Flestir hafa fundið til leiða eða til þess að verða miður sín, t.d. vegna vonbrigða, mikils álags eða láts ástvinar. Slík viðbrögð teljast eðlileg þegar einstaklingur ræður við þau þannig að þau hafa ekki teljandi áhrif á störf hans eða hegðun.

Ef viðbrögðin vara lengi eða þyngjast og hann verður lítt fær um að sinna störfum lengur en 2 vikur, getur verið að um þunglyndi sé að ræða og því eðlilegt að leita til læknis.

Þunglyndi er algeng geðröskun og Landlæknisembættið áætlar að um 12-15.000 manns á Íslandi þjáist af þunglyndi á hverjum tíma. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur þunglyndi vera fjórða stærsta heilbrigðisvandamál heimsins og að það virðist fara vaxandi.

Þunglyndi getur verið skilgreint sem stöðugt lækkað geðslag þar sem einstaklingurinn hefur misst hæfileikann til þess að gleðjast yfir hlutum og atburðum sem áður vöktu ánægju. Þessu fylgir einnig vonleysi um að líðanin muni batna. Meðferðir við þunglyndi eru taldar árangursríkar og geta veitt góðan bata.

Helstu einkenni þunglyndis eru:

þreyta og/eða líkamlegir verkir

Skortur á frumkvæði

Erfiðleikar með að taka ákvarðanir

Píringur og reiði

Svefntruflanir

Breytingar á matarlyst

Breytingar á Breytingar á kynþörf

Sjálfsvígshugsanir/sjálfsvígatferli

Engin ein skýring virðist vera á þunglyndi, heldur er líklegt að um samspil margra þátta sé að ræða. Sálfræðilegir þættir, umhverfisþættir, líkamlegir sjúkdómar og líkamlegt ástand, erfðir, streita, aukaverkanir lyfja, aðrar geðraskanir og vímuefnaneysla eru þeir þættir sem geta haft áhrif á hvort að þunglyndi þróast.

Sjálfshjálparhópar

Sjálfshjálparhópur er hópur fólks sem deilir svipaðri lífsreynslu. Í slíkum hópi skapast oft sérstakt andrúmsloft samkenndar, skilnings og öryggis. Það að deila reynslu og vonum gerir fólki kleift að sýna gagnkvæman stuðning og gefa góðar ráðleggingar. Hugmyndafræðin að baki byggir á sjálfshjálp með samhjálp. Lögð er áhersla á samkennd, virðingu, að miðla reynslu, að hlusta og að eiga góða stund saman. Hver meðlimur hópsins ber ábyrgð á því að halda hópnum gangandi og að spjara sig sjálfur. Í sjálfshjálparhópi eru allir jafnir - allir meðlimir hópsins búa yfir einhverskonar þekkingu sem nýtist við að taka á sameiginlegum viðfangsefnum. Í hópnum finnur þú tilfinningalegan stuðning, upplýsingar, ráðgjöf og vináttu. Fólk hittist á jafningjagrundvelli og allar upplýsingar sem koma fram innan hópanna eru trúnaðarmál.

Tekið af <http://www.gedhjalp.is>

Sjálfshjálparhópurinn í Hruna hittist á [mánudagskvöldum](#) kl 20:30.


Frá umhverfis- og samgöngunefnd Hrunamannahrepps.

Kæru sveitungar.

Í síðasta Pésa auglýstum við netfang þar sem fólk gæti komið hugsunum sínum á framfæri (jákvæðum og neikvæðum) um umhverfis og samgöngumál.

Nú þegar hafa komið viðbrögð við þessu framtaki og erum við í nefndinni mjög ánægð með það. Af nógu er að taka í þessum málaflökkum og ætlum við að minna á netfangið sem er umhverfi@fludir.is í hverjum Pésa. Okkur er hagleikið þessa dagana hver framtíð núverandi gámasvæðis er, hvort þörf sé á að færa það, eða hvort hægt væri að fegra nágrenni þess á einhvern hátt. Gaman væri að fá hugmyndir og skoðanir frá ykkur, þeim verður öllum haldið til haga og farið yfir þær.

Gunnlaugur Magnússon
Magga S. Brynjólfsdóttir
Þórunn Andrésdóttir.



Fréttatilkynning
11. mars 2008

Sunnudagsspjall með Hjálmari á sýningunni ER OKKAR VÆNST ? - Leynilegt stefnumót í landslagi

Hjálmar Sveinsson, hinn þekkti útvarpsmaður er sýningarstjóri nýrrar sýningar í Listasafni Árnésinga. Hann verður með leiðsögn um sýninguna nk. laugardag 16. mars kl. 15 og býður gestum upp á spjall. Tveimur ólíkum listakönum Borghildi Óskarsdóttur og Sigríði Melrós Ólafsdóttur- sem báðar vinna með samfélagstengt efni- er teflt saman á þessari sýningu. Verk þeirra eiga sérstaka skírskotun til svæðisins.

Við fyrstu sýn virðast verk þeirra **Borghildar** og **Sigríðar** eiga fátt sameiginlegt enda eru þær af sitt hvorri kynslóðinni og hafa unnið með ólík efni út frá ólíkum forsendum án þess að vita mikið hvor af annarri. En þegar verkum þeirra er teflt saman skapast óvæntir snertifletir og spenna.

Í maí 1918 fóru hjónin Bjarni Bernharðsson og Ragnhildur Höskuldsdóttir með börnin sín fimm frá Hafnarfirði að bænum Sléttabóli í Gaulverjabæjarhreppi. Heimili þeirra hafði verið leyst upp en Bjarni átti sveitfesti í Gaulverjabæjarhreppi og því bar þeim að fara þangað. Daginn eftir dreif að fólk til að sækja börnin.

Ári eftir flutning fjölskyldunnar var byggt sjúkrahús fyrir Suðurland rétt við Eyrarbakka. Húsið var teiknað af Guðjóni Samúelsyni í íslenskum stíl með bröttum rauðmáludum burstapökum. Því var breytt í vinnuhæli árið 1929 og jarðirnar Litla- og Stóra-Hraun lagðar til þess. Síðan þá hefur „vinnuhælið“ jafnan verið kennt við Litla-Hraun.

Borghildur tengir sig og fjölskyldusögu sína við landslagið í Flóanum og víðar á Suðurlandi. Hún vinnur innsetningu með texta, ljósmyndir, skálar og stjörnumerki.

Sigríður sýnir myndir af föngum og varpar um leið ljósi á framandi heim. Myndirnar eru dúkristur, tréristur og verk unnin með blandaðri tækni. Myndverk þeirra beggja endurspegla samfélagið á forsendum listrænnar endursköpunar. Sýningunni er fylgt úr hlaði með veglegri sýningarskrá og í grein Hjálmars má lesa um tilurð verkanna á sýningunni. Í sýningarskrána ritar einnig Margrét Frímannsdóttir.

Listasafn Árnesinga er við Austurmörk 21 í Hveragerði. Safnið er opið fimmtudaga til sunnudaga, frá kl. 12 - 18. Kaffistofa með barnahorni er í safninu og á sunnudögum er m.a. hægt að kaupa nýbakaðar vöflur. Í sófahorni eru ýmis rit um myndlist.

Aðgangur er ókeypis.

Nánari upplýsingar veitir:

Inga Jónsdóttir safnstjóri, í síma 483 1727/895 1369, listasafn@listasafnarnesinga.is

Hrunaspjall

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Nýr organisti

Svo sem flestum er í fersku minni þá sagði okkar ágæti organisti til tæpra 12 ára hún Edit Molnár stöðu sinni lausri síðastliðið vor. Ekki er ofsagt að hún hafi verið kvödd með mikilli eftirsjá, eftir allt það frábæra starf sem hún hafði lagt af mörkum hér til samfélagsins.

Það var svo undir lok síðasta árs að hylla tók undir lausn. Nú hefur verið gengið frá formlegri ráðningu Stefáns Þorleifssonar sem organista í Hrunaprestakalli. Er hann hér á þessum vettvangi boðinn velkominn til starfa. Þótt ekki hafi allir verið trúaðir á slíkt þá virðist sem hér hafi allvel sannast mál-tækið “að maður kemur í manns stað”.

Páskahátíð

Nú fer brátt í hönd sú trúarhátíð kristinna manna sem vel má færa rök fyrir að sé mikilvægust, því án þeirra atburða sem þar er minnst hefði kristin trú ekki orðið til.

Mjög færast í vöxt að fólk geri sér dagamun í tengslum við þá frídaga sem páskahátíðin bíður upp á. Allt er það af hinu góða en þá má líka benda á að þátttaka í helgihaldi er til þess fallin að dýpka upplifun þessara daga og gera þá innihaldsríkari.

Fermingarstarf

Um þessar mundir er að ljúka hinu formlega fræðsluprógrammi fermingarstarfanna en þetta er í annað sinn sem fræðslan er unnin í samstarfi við Stóra-Núpsprestakall. Við séra Axel Árnason höfum tekið á móti börnunum, að jafnaði annan hvern mánudag í safnaðarheimilinu í Hruna. Með góðu samstarfi við Flúðaskóla og skólabílstjórana Jóhann Marelsson og Valgeir Jónsson hafa börnin fengið akstur úr skólanum upp að Hruna. Síðan hafa foreldrar sótt í lok tímans. Að þessu sinni var ekki farið til dvalar í Skálholt í haust en við byrjuðum starfið hins vegar með því að heimsækja bókaskipið Logos sem lá hér höfn í haust. Þar kynntumst við ungu fólki sem í sjálfboðavinnu dvelur og starfar á þessu skipi oft í tvö til þrjú ár. Markmiðið er að sigla um heiminn selja bækur á lágu verði og fara í land og sinna hjálparstarfi af ýmsum toga. Lifa þannig sína kristnu hugsjón í verki. Síðan buðum við til messu í Hruna í upphafi starfsins þar sem öll börnin úr Hrunaprestakalli höfðu hlutverk. Næsta sunnudag er okkur svo boðið í messu á Stóra-Núpi þar verðum við í hlutverki gestanna og er það von mín að sem flestir sjái sér fært að mæta. Við fórum í Skálholt mánudaginn 3. mars og tókum þar ásamt öðrum börnum hér úr uppsveitunum, þátt í fræðsluprógrammi sem Skálholts-skóli setur saman og keyrt var þessa viku fyrir öll fermingarbörn hér í sýslunni.

. Þann 13. mars verður farið til Reykjavíkur að sjá söngleikinn Jesús Christs Superstar. Föstudaginn langa munu fermingarbörnin standa fyrir lestri passúsálmannanna svo sem gert hefur verið frá árinu 2000. Af ásettu ráði er nokkrum sálum enn óráðstafað, er áhugasömum bent á að hafa samband hafi þeir löngun til að taka þátt í lestrinum.

Eftir páska stendur til að bjóða börnunum ásamt foreldrum sínum á fyrirlestur um samskipti á heimilum. Vonandi fellur það í góðan jarðveg.

Æskulýðsdagurinn

Þennan dag 2. mars var æskulýðsmessa í Hrepphólakirkju. Kristín Magdalena Ágústsdóttir kom með hóp barna úr 2. og 3. bekk Flúðaskóla og sungu þau fyrir okkur syrpu laga við góðar undirtektir. Hafi þau öll heila þökk fyrir það. Þetta var í heild góð stund og vel sótt, milli 70 og 80 manns voru samankomin í kirkjunni.

Innsetning prófasts

Laugardaginn 29. mars verður héraðsfundur Árneprófastsdæmis haldinn hér á Flúðum. Dagskráin hefst með messu kl.11 í Hrunakirkju, þar mun Biskup Íslands setja nýjan prófast formlega inn í embætti. Messan er að sjálfsögðu öllum opin og auðvitað væri gaman sjá sem flesta.

Úr kirkjubókinni

Skírn

Þann 10 febrúar var **Ástbjört** skírð í heimahúsi að Ásastíg 10b á Flúðum. Hún er fædd 1. janúar 2008. Foreldrar Ástbjartar eru Alina Elena Balusanu og Magnús Helgi Loftsson í Haukholtum.

Helgihaldið framundan

16. mars pálmásunnudagur messuheimsókn í Stóra- Núps kirkju.

21. mars föstudagurinn langi kl. 13-18 lestur passúsálma í Hrepphólakirkju. Allan tímann eru kaffiveitingar í boði í safnaðarheimili.

23. mars Páskadagur

Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl.8:00 morgunkaffi í safnaðarheimili eftir messu.

Hátíðarmessa í Hrepphólakirkju kl.11:00

29. mars

Messa í Hrunakirkju kl. 11

Innsetning prófasts

Með ósk um vernd og blessun Guðs, og gleðilega páskahátíð.

Eiríkur Jóhannsson



Fréttir frá Æskulýðsnefnd Smára

Mánudagskvöldið, 10. mars var haldið fræðslu- og skemmtikvöld í Flúðaskóla.

Fyrirlesari var Sigurður Sigurðarson reiðkennari með meiru. Fræddi hann krakkana um skap og skynjun hesta og var einnig með fróðleik um gangtegundir.

Á eftir fengu allir hressingu og farið var í leiki. Það var mjög góð mæting og krakkarnir sérlega þrúð og áhugasöm.

Sýningin Æskan og hesturinn í Víðidal

**Ætlunin er að fara á sýninguna sunnudaginn 30. mars
Krakkar, takið daginn frá J**

Hestheimaferð

verður dagana 12. - 13. apríl

**Krakkarnir mæta með hesta og dvelja við leiki og störf fram á sunnudag
Nánar auglýst síðar**

Reiðnámskeið

Fyrirhugað er að halda reiðnámskeið fyrir börn og unglunga eftir páska.

Kennari verður Hermann Þór Karlsson

**Upplýsingar og skráning er hjá Stefaníu s:4865522 og
Kolbrúnu s: 6995178 / 5668595**

Vinsamlegast látið vita af þátttöku fyrir 16. mars

Nánari upplýsingar um einstaka atburði verður að finna á heimasíðu hestamannafélagsins, smari.is



Kveðja, æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins
Smára



Unnið við bókbænd í Heimalandi

Ljósm SigSigm



Rjúpur í trjátoppum í Dalbæ

Ljósm SigSigm 27

